



Hálfmáni og stjarna

Hálfmáni og stjarna sem standa saman er þekktasta tákn íslams og einkennir marga þjóðfána ríkja innan íslamska samfélagsins. Stjarnan hefur yfirleitt fimm odða þó áður hafi hún oft haft mun fleiri. Táknid á að baki langa sögu sem nær margar aldir aftur í tímann, löngu áður en íslam hóf að breiðast út. Í tengslum við íslam var það upphaflega notað sem einkennistákn af stórveldi Ottómana sem réðu ríkjum í hinum arabíska heimi 1299-1922. Seinna breiddist það svo út meðal íslamska samfélagsins og varð að lokum helsta tákn samfélagsins í heild.



Krossinn er helsta tákn kristinna manna og minnir á það að Jesú Kristur var krossfestur.

Kristni er fjölmennasti átrúnaður heims en hún spratt upp úr gyðingdóm fyrir tæpum 2000 árum.

Davíðsstjarnan er sex arma stjarna og þekktasta tákn gyðinga.

Gyðingur merki bæði maður af ákveðnum kynþætti og maður sem aðhyllist gyðingdóm sem átrúnað. Gyðingdómur er gömul eingyðistrú sem bæði kristni og íslam eru sprottin upp úr.

Spurningar

1. Hvaðan er táknid hálfmáni og stjarna upprunið?
2. Hvað hefur stjarnan í tákni múslima marga arma?
3. Hver eru helstu tákn þess átrúnaðar sem þú aðhyllist?